styrkja og fjölda umsækjenda. Þá skal tilgreina nöfn þeirra er hlutu orlof, viðfangsefni þeirra á orlofstímanum, sérsvið þeirra eða kennslugrein, starfsreynslu og vinnustað.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 12. gr. laga um framhaldsskóla nr. 80/1996 og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 16. maí 1997.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

27. maí 1997 Nr. 332

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Akureyrar eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akureyri:

Hrafnagilsstræti - bifreiðastöður: Bifreiðastöður verði bannaðar sunnan götunnar frá Byggðavegi og að húsi nr. 29 og norðan götunnar frá húsi nr. 30 og að Mýrarvegi.

Hlíðarfjallsvegur - umferðarréttur: Umferð um Hlíðarfjallsveg fái forgang fyrir umferð af hliðargötum, sem í dag eru Réttarhvammur, Rangárvellir, heimreið að Glerárbæjum og vegur úr malarnámi.

Mímisbraut - umferðarréttur á gatnamótum við Verkmenntaskólann: Umferð um ónefnda götu austan VMA verði látin víkja fyrir umferð um Mímisbraut með biðskyldu og að sett verði hraðahindrun vestan gatnamótanna og þar merkt gangbraut.

Laufásgata - umferðarréttur: Umferð um Laufásgötu fái forgang gagnvart umferð úr hliðargötum með biðskyldu, frá tengingu hennar við Vöruhöfn og að Hjalteyrargötu. Biðskyldu sem nú er á Laufásgötu gagnvart umferð um Strandgötu verður því breytt. Frestað verður framkvæmd biðskyldu á Silfurtanga þar til framhald í Laufásgötu að Hjalteyrargötu við Grenivelli verður tekin í notkun.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Akureyri sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

Sýslumaðurinn á Akureyri, 27. maí 1997.

Björn Jósef Arnviðarson.

3. júní 1997 Nr. 333

REGLUGERÐ

um endurinnritunargjald í framhaldsskólum.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til innheimtu sérstaks gjalds, endurinnritunargjalds, vegna endurinnritunar í bekkjardeild eða námsáfanga. Reglugerð þessi nær ekki til nemenda í öldungadeildum. Óheimilt er að innheimta gjald skv. reglugerð þessari vegna endurtöku- eða sjúkraprófa.

2. gr.

Framhaldsskólum er heimilt að innheimta sérstakt endurinnritunargjald af nemendum við endurinnritun í bekkjardeild eða námsáfanga. Nemandi telst hafa verið innritaður í bekkjardeild eða námsáfanga hafi hann skráð sig og ekki sagt sig úr bekkjardeild eða námsáfanga 5 virkum dögum eftir afhendingu stundatöflu.

Endurinnriti nemandi sig í bekkjardeild eða námsáfanga og greiði endurinnritunargjald, ber að endurgreiða gjaldið ef nemandinn segir sig úr bekkjardeild eða námsáfanga innan 5 virkra daga eftir afhendingu stundatöflu.

Skylda til greiðslu endurinnritunargjalds fellur ekki niður þótt nemandi flytjist milli framhaldsskóla eða úr áfangakerfi yfir í bekkjarkerfi og öfugt. Enda þótt nemandi geri hlé á námi hvílir gjaldskylda vegna endurinnritunargjalda á honum í allt að fjögur ár frá lokum síðasta námsáfanga.

3. gr.

Fjárhæð endurinnritunargjaldsins skal vera 500 kr. fyrir hverja ólokna einingu frá undangenginni önn, sbr. þó 4. gr. Fjöldi ólokinna eininga er samanlagður einingafjöldi þeirra námsáfanga sem nemandi var innritaður í á undangenginni önn að frádregnum samanlögðum einingafjölda þeirra námsáfanga sem nemandi stóðst próf í á sömu önn.

Í skólum sem starfa eftir bekkjarkerfi skal meta skólaárið til 36 eininga eða 18 eininga á önn.

4. gr.

Í skólum sem starfa eftir áfangakerfi eru 12 einingar á önn undanþegnar gjaldskyldu skv. 3. gr. vegna endurinnritunar. Ef einingar sem nemandi stóðst próf í eru færri en 12 þá skal gjaldstofninn þannig vera mismunurinn á 12 og samanlögðum einingafjölda þeirra námsáfanga sem nemandi var skráður í.

Í skólum sem starfa eftir bekkjarkerfi skulu 15 einingar á önn undanþegnar gjaldskyldu, eða 30 einingar á skólaári. Gjaldsstofn fyrir nemanda sem endurinnritar sig í bekkjardeild eða sambærilegt nám í skólum sem starfa eftir bekkjarkerfi er því 6 einingar.

5. gr.

Endurinnritunargjöld skal öllu jafnan innheimta um leið og innritunargjöld í framhaldsskólum og skulu þau renna til þess skóla þar sem innritun fer fram. Tekjur sem framhaldsskóli hefur af innheimtu endurinnritunargjalda teljast til sértekna hans og skulu bókfærðar í samræmi við það.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 7. gr. laga nr. 80/1996, sbr. 2. gr. laga nr. 140/1996 og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 3. júní 1997.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.